

Uppgjör Nýherja fyrir fyrsta ársfjórðung 2009

Fréttatilkynning frá Nýherja
Reykjavík, 24. apríl 2009

Uppgjör Nýherja hf. fyrir fyrsta ársfjórðung 2009

Helstu niðurstöður fyrir fyrsta ársfjórðung 2009

- Verulegur bati í rekstri frá fjórða ársfjórðungi 2008
- Þriggja milljóna króna hagnaður Nýherjasamstæðunnar á fyrsta ársfjórðungi
- Þriðjungur tekna kemur frá starfsemi í Danmörku og Svíþjóð og gengur hún vel
- Eiginfjárlutfallið hækkar og skuldir lækka í ársfjórðungnum
- Hagnaður af vörusölu og rekstrarþjónustu

Þórður Sverrisson, forstjóri:

„Afkoma Nýherjasamstæðunnar á fyrsta ársfjórðungi 2009 batnaði umtalsvert frá fjórða ársfjórðungi 2008. Þær fjölbættu aðgerðir sem gripið hefur verið til í því markmiði að lækka rekstrarkostnað samstæðunnar vegna sviptinga og óvissu í íslensku efnahagsumhverfi eru komnar fram að hluta. Í febrúarmánuði kom til framkvæmda 10% launa-lækkun hjá öllum starfsmönnum Nýherja hf. og dótturfélaga á Íslandi. Þá hefur starfsfólk fækkað um 13,3% miðað við meðalfjölda stöðugilda á síðasta ári og kemur það niður á tækni-, hugbúnaðar- og þróunarstörfum. Einnig hefur verkefnum í hugbúnaðarþróun verið slegið á frest. Gert er ráð fyrir að fyrnefndar aðgerðir muni skila sér enn frekar í lækkun á rekstrarkostnaði á öðrum ársfjórðungi.

Afkoma Nýherja hf. og dótturfélaga hérleidis á fyrsta ársfjórðungi var ágæt í rekstrarþjónustu, tækniþjónustu og vörusölu. Starfsemi erlendra félaga er í heild nærrí aætlun. Efnahagsumhverfi dótturfélaga Nýherja í Danmörku og Svíþjóð er stöðugt og horfur ágætar. Hins vegar hefur eftirspurn eftir þjónustu fyrir viðskiptahugbúnað, hugbúnaðarlausnir og ráðgjöf á Íslandi dregist saman umtalsvert. Hagnaður Nýherjasamstæðunnar nemur því um 3 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi 2009.“

Rekstrarniðurstaða á fyrsta ársfjórðungi 2009

| Fjórðungsyfirlit – Lykiltölur | | | | | Upphæðir í þús ISK |
|--|------------------|------------------|------------------|------------------|--------------------|
| | F1 2009 | F4 2008 | F3 2008 | F2 2008 | F1 2008 |
| Seldar vörur og þjónusta | 3.558.212 | 3.993.762 | 3.663.945 | 3.828.400 | 3.426.504 |
| Vörunotkun og kostnaður við selda þjónustu | (1.516.692) | (1.779.720) | (1.813.029) | (1.775.323) | (1.570.268) |
| Vergur hagnaður | 2.041.520 | 2.214.042 | 1.850.916 | 2.053.077 | 1.856.236 |
| Laun og launatengd gjöld | (1.562.913) | (1.607.849) | (1.425.538) | (1.550.423) | (1.368.632) |
| Rekstrarkostnaður | (488.146) | (789.010) | (360.989) | (448.803) | (342.313) |
| Rekstrarhagnaður - EBIT | (50.695) | (174.562) | 69.625 | 63.589 | 100.051 |
| Hrein fjármagnsgjöld | (75.819) | (421.875) | (389.414) | (155.031) | (513.849) |
| Tap tímabilsins fyrir tekjuskatt | (126.514) | (596.437) | (319.762) | (91.442) | (413.798) |
| Tekjuskattur | 16.416 | 89.577 | 57.930 | 519 | 72.401 |
| Hagnaður tímabilsins | (110.098) | (506.860) | (261.859) | (90.923) | (341.397) |
| EBITDA | (7.827) | (84.260) | 124.956 | 123.080 | 145.291 |
| EBITDA hlutfall | (0,22%) | (2,1%) | 3,5% | 3,3% | 4,3% |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 667 | 701 | 737 | 755 | 734 |
| Þýringarmunur erl. dótturfélaga | 112.728 | 246.563 | 61.004 | 2.011 | 132.549 |
| Heildarhagnaður | 2.630 | (260.297) | (200.828) | (888.192) | (208.848) |

Uppgjör Nýherja fyrir fyrsta ársfjórðung 2009

Í samanburði við fyrsta ársfjórðung 2008 er rétt að vekja athygli á því að TM Software hf. og Marquardt & Partners A/B félú undir rekstur Nýherja hf. í febrúar 2008.

Sala á vöru og þjónustu nam rúmlega 3.558 mkr á fyrsta ársfjórðungi, samanborið við 3.427 mkr á sama tímabili árið 2008. Tekjur hafa aukist um 4% frá fyrsta ársfjórðungi 2008.

Laun og launatengd gjöld námu 1.563 mkr en voru 1.369 mkr fyrir sama tímabil 2008. Heildarfjöldi stöðugilda í lok tímabilsins var 655.

Rekstrarkostnaður var 488 mkr á fyrsta ársfjórðungi en var 342 mkr á sama tíma á árinu 2008. Rekstrartap fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta - EBITDA - var neikvæð um átta mkr á tímabilinu en var jákvæð um 145 mkr á sama tímabili fyrir árið 2008.

Hrein fjármagnsgjöld voru 76 mkr í samanburði við 514 mkr árið á undan. Heildarhagnaður í fjórðungnum nam 3 mkr. En tap á fyrsta ársfjórðungi í fyrra nam 209 mkr.

| Efnahagsreikningur 31.03 2009 – Lykiltölur | | |
|---|-------------------|--------------------|
| | 31.03 2009 | 31.12. 2008 |
| Fastafjármunir | 5.683.199 | 5.577.424 |
| Veltufjármunir | 3.612.426 | 4.375.010 |
| Eignir samtals | 9.295.625 | 9.952.434 |
| | | |
| Eigið fé | 1.963.847 | 1.963.966 |
| Langtímaskuldir | 2.594.514 | 2669.106 |
| Skammtímaskuldir | 4.737.264 | 5.319.362 |
| Eigið fé og skuldir samtals | 9.295.625 | 9.952.434 |

Heildareignir í lok tímabilsins voru 9.296 mkr samanborið við 9.295 mkr í lok ársins 2008. Langtímaskuldir hafa lækkað úr 2.669 mkr í 2.595 mkr frá árslokum. Skammtímaskuldir hafa lækkað úr 5.319 mkr í 4.737 mkr frá árslokum. Eigið fé í lok mars 2009 var 1.964 mkr og er eiginfjárlutfall nú 21,1% en var 19,7% um síðustu áramót.

Yfirlit yfir rekstur

Vörusala hjá Nýherja hf. hefur verið ágæt í flestum vöruflokkum en er þó minni en áætlunar gerðu ráð fyrir, meðal annars vegna sveiflna í gengi og vanda viðskiptavina við fjármögnun.

Rekstur Skyggnis ehf. skilaði hagnaði samkvæmt áætlun á fyrsta ársfjórðungi. Félagið gekk í gegnum miklar breytingar í lok síðasta árs með samruna rekstrar- og hýsingarþjónustu TM Software hf. og tæknideildar Nýherja. Sá samruni hefur gengið vel fyrir sig, félagið hefur náð stöðugleika í rekstri og því er starfsemin í takt við væntingar. Skyggnir er eitt stærsta rekstrar- og hýsingarfyrirtæki landsins sem leggur áherslu á þjónustu í hönnun, uppsetningu og rekstri upplýsinga- og samskiptalausna.

Afkoma Dansupport A/S í Danmörku styrktist í ársfjórðungnum. Félagið hefur lækkað rekstrarkostnað, svo sem með fækkan starfsfólks, til þess að styrkja stoðir félagsins og er gert ráð fyrir að reksturinn nái jafnvægi á næsta ársfjórðungi. Jafnframt er unnið að því að auka þjónustuframboð Dansupport með lausnum og þjónustu frá Skyggni, svo sem í rekstrar- og hýsingarþjónustu.

Hjá Sense ehf. hefur sala á neytendabúnaði gengið ágætlega en verkefnum á fyrirtækjamarkaði hefur fækkað. Ný verslunareining, Sense Center, var opnuð í Kringlunni með áherslu á Canon myndavélar, prentara og rekstrarvörur og Lenovo tölvur. Þá hefur verið lögð áhersla á hagræðingu í rekstri svo sem með flutningi vöruhúss Sense yfir í dreifingarmiðstöð Nýherja.

Uppgjör Nýherja fyrir fyrsta ársfjórðung 2009

Skyndilegur og mikill samdráttur í íslensku atvinnulífi á fyrsta ársfjórðungi hafði verulega neikvæð áhrif á starfsemi þrigga þekkingar- og ráðgjafarfyrirtækja innan samstæðu Nýherja; TM Software ehf., ParX ehf. og Applicon ehf., sem leiddi til þess að tap varð á rekstri þessara fyrirtækja.

Hjá TM Software ehf. hefur dregið úr eftirspurn og verkefnum í hugbúnaðarpjónustu. Vegna óvissu um horfur á þessum markaði hér á landi hefur TM Software unnið að því að fjölgja verkefnum erlendis. Félagið hefur á sama tíma náð eftirtektarverðum árangri í þróun veflausna og hefur meðal annars unnið upplýsinga- og samskiptavef fyrir Sameinuðu þjóðirnar sem verður notaður fyrir björgunarstarf vegna náttúruhamfara.

ParX ehf. viðskiptaráðgjöf IBM hefur fundið fyrir minnkandi eftirspurn eftir ráðgjöf á fyrsta ársfjórðungi. Um leið hefur samkeppni aukist á liðnum mánuðum með fjölgun fyrirtækja í viðskiptaráðgjöf, einkum í fjármála- og mannauðsráðgjöf.

Tekjur og afkoma Applicon ehf. á Íslandi er undir áætlunum meðal annars vegna minni eftirspurnar eftir þjónustu fyrir viðskiptahugbúnað eftir ríkisvæðingu íslensku bankanna, en Applicon hafði unnið mikið fyrir banka og fjármálafyrirtæki. Félagið hefur leitað eftir verkefnum erlendis og er stefnt að því að fjölgu þeim á næstu ársfjórðungum. Applicon var í síðustu viku útnefndur besti samstarfsaðili SAP í Danmörku fyrir árið 2008.

Starfsemi hugbúnaðarfyrirtækjanna Vigor ehf. og EMR ehf. gekk vel og skilaði hagnaði í samræmi við áætlun í fjórðungnum.

Ágætur hagnaður var af starfsemi Applicon A/S í Danmörku og rekstur þess styrkt á árinu og er verkefnastaða þeirra ágæt hjá ýmsum stærri fyrirtækjum í Danmörku. Danska fyrirtækið Applicon Solutions A/S þráði á liðnum tveimur árum sérhæfða öryggislausn fyrir SAP og skilaði sala þeirrar lausnar ágætum hagnaði í ársfjórðungnum.

Starfsemi Applicon í Svíþjóð styrktist í ársfjórðungnum og starfsmönnum fjölda. Félagið býr yfir hópi traustra viðskiptavina, svo sem Noreda bankanum, Swedbank og Handelsbanken og vinnur meðal annars fyrir þá að innleïðingu sérhæfða fjármálalausna.

Starfsemi Klaks ehf. - Nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins sem er dótturfélag Nýherja hf. og Háskólans í Reykjavík var kröftug í ársfjórðungnum. Forráðamenn um 30 sprotafyrirtækja töku þátt í Viðskiptasmiðjunni, sem er fræðslu- og ráðgjafarprógram fyrir nýsköpunarfyrirtæki. Auk þess var Sprotabing Íslands, Seed-Forum, haldið í húsnæði Kaupþings banka með þátttöku yfir 100 fjárfesta og annarra gesta, þar sem kynntir voru fjárfestingakostir í 7 íslenskum sprotafyrirtækjum.

Rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja

Ein mikilvægasta forsenda fyrir farsælum rekstri fyrirtækja er stöðugleiki í efnahagsumhverfinu. Íslensk fyrirtæki búa hins vegar nú við áður óþekktar efnahagsaðstæður og rekstrarumhverfi sem er með þeim hætti að óviðráðanlegt er að reka fyrirtæki með viðunandi árangri. Á liðnum misserum hafa fyrirtæki þurft að búa m.a. við eftirfarandi:

- Gengi mynta helstu viðskiptabjóða Íslands hækkaði um nær 80% frá upphafi til loka árs 2008.
- Á fyrsta ársfjórðungi 2009 styrktist gengi íslensku krónunnar um nær 15% á fyrstu 11 vikunum en fell síðan aftur um riflega 13% síðustu tvær vikur ársfjórðungsins.
- Vextir af algengum bankalánum voru um og yfir 20% í fyrsta ársfjórðungi og dráttarvextir 25%.
- Innlendir viðskiptabankar starfa ekki með eðillegum hætti og eru ný lán til fyrirtækja óveruleg.
- Eðilleg gjaldeyrisviðskipti milli Íslands og annarra landa hafa verið takmörkuð verulega með lagasetningu.
- Erlendir birgjar íslenskra innflutningsfyrirtækja selja flestir aðeins gegn fyrirframgreiðslu eða staðgreiðslu, og erlend kröfutryggingarfyrirtæki tryggja ekki viðskiptakröfur á íslensk fyrirtæki.
- Ríkisbankarnir hafa tekið yfir ómis fyrirtæki sem komin eru í þrot og haldíð áfram rekstri þeirra, jafnvel eftir að skipt hefur verið um kennitölu, í stað þess að fyrirtækin fari í hefðbundna gjaldþrotameðferð.
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um mikilvægar staðreyndir svo sem umfang gjaldeyrisviðskipta, stöðu aðgerða vegna skilyrða Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, skuldas töðu ríkissjóðs og viðskiptabankanna auk fleiri atriða sem hafa áhrif á mikilvægar ákvæðanir.

Nýherji starfar mest á fyrirtækjamarkaði og finnur því vel neyðaraðstæður fjölmargra innlendra viðskiptavina vegna lánsfjárvirkjum, hárra vaxta og þess samdráttar sem efnahagsvissan skapar. Nú er því lífsspursmál fyrir atvinnulífið, og þar með heimilin í landinu, að Alþingi auðnist, strax að loknum kosningum, að móta skýra stefnu í peningamálum og koma ríkisbönnunum í þá stöðu að þeim verði gert kleift að þjóna atvinnulífinu með eðillegri hætti en nú er.“

Uppgjör Nýherja fyrir fyrsta ársfjórðung 2009

Horfur

Horfur fyrir rekstur dótturfélaga Nýherja í Danmörku og Svíþjóð eru jákvæðar varðandi tekjur og afkomu á næstu misserum. Samkvæmt rekstraráætlun Nýherja hf. verður ásættanleg afkoma á árinu, en óvissa um rekstraraðstæður á Íslandi veldur því að erfitt er að segja fyrir um hvernig áætlunin gengur eftir.

Fjárhagsdagatal fyrir 2009:

Áætluð birting árshlutauppgjörs fyrir árið 2009.

| | |
|----------------------|-------------|
| Annar ársfjórðungur | 24. júlí |
| Þriðji ársfjórðungur | 23. október |
| Fjórði ársfjórðungur | 29. janúar |

Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutauppgjör fyrir fyrsta ársfjórðung 2009 var samþykkt á stjórnarfundi Nýherja hf. 24. apríl 2009. Árshlutauppgjör Nýherja hf. er gert í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards). Þýðingarmunur erlendra dótturfélaga er nú í fyrsta skipti tilgreindur í yfirliti um heildarafkomu árshlutareiknings í samræmi við ákvæði alþjóðlega staðalsins.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir:

Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja, í síma +354 893 3630.

Nýherji hf.

Hlutverk Nýherja hf. er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni og vandaðan tölvu-, skrifstofu- og hugbúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarbjónustu. Félög Nýherja samstæðunnar í rekstri eru 16 bæði hér heima og erlendis og er heildarfjöldi stöðugilda 655. Hlutabréf Nýherja hf. eru skráð í OMX Kauphöll Íslands.

Stjórn Nýherja: Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður, Árni Vilhjálmsson og Guðmundur Jóh. Jónasson. Þórður Sverrisson er forstjóri Nýherja.